



## Fundargerð nr. 28 Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

<b>Fundarstaður:</b>	Þingborg fundarsalur
<b>Fundardagur:</b>	Þriðjudagur 19. nóvember 2024
<b>Fundartími:</b>	8:00-10:00
<b>Fundarmenn:</b>	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Að auki sat Árni Eiríksson oddviti fundinn  
Börkur Brynjarsson ráðgjafi sat undir lið 1 og lið 2

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

### 1. Fjárhagsáætlun / kostnaðaráætlun fjárfestinga í vatnsveitunni 2025 og 2026-2028

Börkur Brynjarsson fór yfir minnisblað vegna fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu þriggja ára þar á eftir. Verið er að fjárfesta í stjórnkerfi og hönnun á dæluhúsi sem verður innan ársins 2024.

#### 2025:

Samþykkt að fara í smærri gerðina af dæluhúsi við Uppsali þar sem ekki þarf að vera fast varaafli heldur gert ráð fyrir færanlegri varaafstöð á kerru. Markmiðið er að útbúa öll dæluhús þannig að hægt sé tengja varafl við þau. Varaflstöð, varahlutir og annað tengt vatnsveitunni verði komið fyrir í áhaldahúsi sveitarfélagsins. Börkur kemur af stað vinnu við að hanna húsið og stofnun lóðarinnar í samráði við skipulagsfulltrúa og landeiganda.

Gera þarf ráð fyrir tengingum við stofninn á Þjóðvegi 1 samhliða þeim breytingum.

Fjallað um mikilvægi þess að stýra vatnsnotkun með þrýstingnum þannig að við séum ekki að kaupa meira vatn af Selfossstofninum en þarf.

Sveitarstjóri og oddviti munu taka samtal við Árborg og Grímsnes- og Grafningshrepp vegna hugmynda um fjárfestingu í Kaldárhöfða á árinu.

Samþykkt að fara í endurnýjun frá Orrustudal að Hróarsholtsveg á árinu 2025 vegna uppbyggingar í Skyggni. Þarf að bæta þrýsting á því svæði.

Ný íbúðabyggð í landi Vestur Meðalholta (Súlur) kallar á styrkingu á lögn að Rimahverfi og nýju íbúðahverfi. Í dag er 50mm lögn sem fæðir Rimahverfið. Nefndin samþykkir að farið verði í styrkingu frá Súluholti og að Rima og Súluhverfinu í fyrsta áfanga í þessari styrkingu á árinu 2025. Síðar þyrfti að skoða hringtengingu á þessu svæði.

Gera þarf ráð fyrir styrkingu í landi Mýra vegna nýrrar búgarðabyggðar þar.

Gert verði ráð fyrir aðkeyptri sérfræðipjónustu á árinu og einhver upphæð í óskilgreindar framkvæmdir í vatnsveitu ásamt kaupum á rafstöð á kerru.

#### 2026-2028:



Gaulverjabær-Ragnheiðarstaðir: Endurnýjun/styrking

Gaulverjabær-Galtastaðir: Færa lögnina að vegininum. Erfitt að skipta upp framkvæmdinni.

Saurbær-Jaðarkot: Endurnýjun/styrking

Gaulverjabær-Loftsstaðir: Endurnýjun/styrking. Má búa framkvæmd niður.

Miklholtshellir-Oddgeirshólar: Endurnýjun/styrking. Má búa framkvæmd niður.

Einnig er mikilvægt að gera alltaf ráð fyrir einhverju óskilgreindu fjármagni í fjárfestingu í vatnsveitunni.

## 2. Staða mála

Farið yfir stöðu eftirfarandi mála:

- Ljósleiðaratengingar í dæluskúrum – í vinnslu
- Fráveita í Brandshúsum – í vinnslu
- Verksamningur Huldu- og Maríuhólar – til kynningar. Flóahreppur sinnir eftirliti á framkvæmdinni.
- Hönnun og undirbúningur á framkvæmd við dæluskúr við Uppsali – í vinnslu

## 3. Gjaldskrár vatnsveitu og Flóaljóss

Tillögur að gjaldskrár vatnsveitu Flóahrepps og Flóaljóss lagðar fram. Framkvæmda- og veitunefnd gerir ekki athugasemdir við framlagðar tillögur.

## 4. Framkvæmda- og viðhaldsáætlun fasteigna 2025

Framkvæmda- og viðhaldsáætlun fasteigna fyrir árið 2025 lögð fram til kynningar eftir umræðu framkvæmda- og veitunefndar og sveitarstjórnar.

## 5. Önnur mál

Rætt um aðkeypta vinnu vegna vatnsveitumála og verklegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Formanni nefndar og sveitarstjóra falið að eiga fund með Berki Brynjarssyni til að taka stöðuna á verkefnum ársins útfrá samningi og markmiðum. Að mati nefndarinnar er mikilvægt að tryggja að þau gögn sem verða til við aðkeypta sérfræðipjónustu verði aðgengileg fyrir Flóahrepp og í eigu sveitarfélagsins. Framkvæmda- og veitunefnd kallar eftir skýrslu þar sem fram koma helstu verkefni, staða og framvinda á árinu 2024.

**Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 10. desember kl. 8:00 í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*